

Aðalfundur FÍSOS

Miðgarði, Varmahlíð í Skagafirði 7. október 2011

Dagskrá:

A. Kosning fundarstjóra og fundarritara:

Formaður FÍSOS, Guðný Dóra Gestsdóttir, stakk uppá Guðnýju Zöega sem fundarstjóra og Helgu Vollertsen sem fundarritara.

Samþykkt með lófaklappi fundarmanna.

B. Skýrsla formanns um störf félagsins. Skýrðir reikningar félagsins. Umræða um þessa liði og afgangi þeirra:

Guðný Dóra Gestsdóttir formaður gerir grein fyrir störfum stjórnar sl. ár. Sjá fylgiskjal.

Jón Allansson gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins. Sjá fylgiskjal. Góðar umræður í kjölfarið. Lagt til að framlagðir reikningar verði ítarlegri, til að auðvelda félagsmönnum að átta sig á útgjöldum og tekjum félagsins.

Skýrsla formanns og reikningar félagsins samþykkt með handauppréttingu.

C. Lagabreytingar:

Stjórn FÍSOS leggur til að neðangreind málsgrein bætist við gr. 3:

„Stjórn félagsins er heimilt að ráða til starfa framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur félagsins. Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn FÍSOS og vinnur í umboði stjórnar að markmiðum félagsins.“

Samþykkt með handauppréttingu.

D. Kosning í stjórn og aðrar trúnaðarstöður:

Samþykkt með lófataki.

Formaður:	Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Aðrir stjórnarmenn:	Hildur Arna Gunnarsdóttir, Grasagörðum Reykjavíkur Bergsveinn Þórsson, Minjasafni Reykjavíkur Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir, Þjóðminjasafni Íslands Jón Allansson heldur áfram sem gjaldkeri félagsins.
Varamenn:	Arndís Bergsdóttir og Haraldur Þ. Eyjólfsson
Skoðunarmenn reikninga:	Guðrún Jónsdóttir og Pétur Kristjánsson
Farskólastjóri 2012:	Haraldur Þ. Eyjólfsson, Minjasafni Akureyrar.

Farskóli 2012 verður haldinn á Akureyri.

E. Ákveðið árgjald félagsmanna og stofnanna:

Stjórn félagsins leggur til að árgjald félagsmanna verði hækkað í 3.000 kr. Tillaga úr sal að hækka í 3.500 kr.

Samþykkt að árgjald 2012 verði 3.000 kr.

Tillaga lögð fram: Að stjórn félagsins sé heimilt að veita nemendum í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands afslátt af félagsgjöldum.

Samþykkt með handauppréttingu.

F. Önnur mál.

- Tillaga frá stjórn FÍSOS um skipun samráðshóps til að skoða möguleikann á að ráða framkvæmdastjóra sem hljóðaði svona:

Lagt er til við aðalfund FÍSOS sem haldinn er þann 7. október 2011 í Skagafirði að skipaður verði samráðshópur sem hafi það hlutverk að endurskoða hlutverk FÍSOS með hliðsjón af nýjum safnalögum. Ennfremur skoði leiðir til að félagið geti ráðið framkvæmdastjóra á launum til að sinna verkefnum FÍSOS í þágu safnanna í landinu. Hópurinn skili af sér fullmótuðum tillögum eigi síðar en 1. febrúar 2012.

Tillagan var samþykkt.

- Lagt til að aðalfundur FÍSOS verði haldinn á betri tíma og að það verði borið undir farskólastjórn næsta árs. Lagt til að fundurinn verði t.d. haldinn í hádeginu á fimmtudegi, n.k. „súpuhádegí“
- Heiðursfélagar útnefndir. Örn Erlendsson, Nanna Hermannsson og Þóra Kristjánsdóttir.

Ekki fleiri mál og fundi slitið.